

Fræðsla Fíh

Texti: Edda Dröfn Danielsdóttir



Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leggur ríka áherslu á sí- og endurmenntun félagsmanna og býður þeim upp á fjölbreytta fræðslu. Undanfarin ár hefur félagið tekið mið af straumum og stefnum er varðar fræðslumál með því að bjóða upp á námskeið sem snúa að andlegri heilsu á borð við kyrrðarjóna og hugleiðslu. Auk þess hefur félagið boðið félagsmönnum sínum fræðslu sem styrkir klíniska færni þeirra, þar má til dæmis nefna námskeiðin sár og sárameðferð og áhugahvetjandi samtál.

Í september síðastliðnum var send út fræðslukönnun til félagsmanna með það að markmiði að finna út þarfir og óskir þeirra varðandi fræðslu. Fræðsludagskrá var í kjölfarið mótuð og tekur hún mið af niðurstöðum könnunarinnar en alls svöruðu 1058 hjúkrunarfræðingar henni. Afgerandi meirihluti þeirra sem svöruðu eru kvenkyns hjúkrunarfræðingar, búsettir á höfuðborgarsvæðinu með langan starfsaldur.

Helstu niðurstöður leiða í ljós að almenn ánægja ríkir meðal félagsmanna með þau námskeið sem þeir hafa sótt hjá Fíh. Tæplega 60% svarenda töldu þau námskeið sem efla hjúkrunarfræðinga í klínísku starfi og námskeið sem einblína á líkamlega og andlega heilsu áhugaverðust en það hafa einmitt verið vinæslustu námskeiðin hjá félaginu.

Könnunin sýndi að það er aukinn áhugi á rafrænni fræðslu en með því að bjóða upp á rafræna fræðslu er félagið jafnframt að svara kalli landsbyggðarinnar um fræðslu til jafns við höfuðborgarsvæðið.



Eins leiddu niðurstöður könnunarinnar í ljós mikinn áhuga félagsmanna á stökum fyrirlestrum og stuttu fræðsluefni á borð við hádegisfyrirlestra og námskeið sem taka einungis um fjórar klst. eða hálfan dag.

Fræðsludagskrá haustsins hefur farið vel af stað og hægt er að kynna sér hana nánar á heimasíðu félagsins hjukrun.is þar sem allar upplýsingar koma fram.

Læra meira í dag en í gær?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga býður félagsmönnum sínum aðgengi að yfir 30 tölvunámskeiðum, þeim að kostnaðarlausu. Á meðal námskeiða sem hægt er að velja úr eru námskeið í Outlook, Word, Excel og Teams. Langar þig að læra meira en hefur takmarkaðan tíma? Tölvunámskeiðin eru öll aðgengilegt á vefnum taekninam.is og hver og einn getur því lært á sínum hraða og á þeim tíma sem hentar best. Nánari upplýsingar um skráningu er að finna á Mínum síðum undir flípanum rafræn fræðsla. Athugið að námskeiðin eru einungis í boði til áramóta.